

Vísir 10. jan. 1940

Nokkur orð á

Nýjársmótt 1940.

I.

Stórfrægur stjórnmálamaður var að tala um styrjaldir. Hann fór um það fögrum orðum og óefað sönnum, að nútíma hernaður væri með þeim hætti, að enginn gæti sigrað, ósigurinn mundi koma niður á öllum. Hann talaði í annað sinn, eftir að ófriður var hafinn. Og þá sagði hann eitthvað á þessa leið: Það er sjálfsagt að berjast þangað til yfir lýkur og ný Evrópa getur orðið til. Og ný mundi Evrópa að visu verða að ófriðarlokum, en ekki betri. Hinn dauðsjúki maður er nýjung móts við hinn heilbrigða, líkið móts við þann sem lifir.

Annar stjórnmálamaður talaði. Upphafið var í sömu átt og hjá þeim sem fyr var getið, afdráttarlaus fordæming styrjaldar; en ályktarorðin einnig svipuð, eindregin hvöt til að berjast til þrautar og hætta ekki fyr en óvinapjóðin yrði að leggja niður alla vörn og láta fótum troðast.

II.

Erfiðleikar friðarvinanna eru miklir. Hver mundi t. d. nú vilja hvetja Finnendinga til að leggja niður vopnin og lofa Rússum að vaða yfir landið. Og þó er ekki vafi á því, að þeir menn hafa rangt fyrir sér sem halda því fram, að styrjaldir séu óumflýjanlegar og meira að segja nauðsynlegar til að uppala mannkynið. Sannleikurinn er óefað á þá leið, að það mannkyn sem getur ekki lært að útrýma ófriði, kemst aldrei til fulls á framfaraleið og á ekki langa sögu fyrir höndum og því síður góða. Trúarbrögðin hafa reynst ófær um að hefta styrjaldir, en hitt vita allir, að oft hefir ófriður af þeim hlotist. Mér er ókunnugt um að jafnvel kristin kirkja hafi nokkurn tíma getað komið í veg fyrir styrjöld. Einungis þekkingin mun reynast þess megnug að gera endi á öllum herskap. Aukin þekking. En það er eftir að vita, hvort þeim þekkingarauka verður komið fram hér á jörðu. Eða með öðrum orðum; hvort tekið verður undir það upphaf nýrrar heimsfræði og aukins skilnings á tilgangi lífsins, sem þegar er komið fram á Íslandi.

Helgi Pjeturs.